



Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Garðabær, 16.4.2025

Málsnúmer: 202503-0021

IAS

Efni: Skilgreining nýrra efnistökusvæða.

Vísað er til erindis Húnabyggðar frá 10. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu um breytingu á aðalskipulagi vegna nýrra efnistökusvæða í Húnabyggð.

Breytingin felst í því að sett eru inn fimm ný efnistökusvæði og skilmálum breytt fyrir eldra efnistökusvæði að beiðni Vegagerðarinnar.

Hnúksnáma er í aðalskipulagi og í námaskrá Vegagerðarinnar, sem set og bergnáma, og þar er eftir breytingu fyrirhugað að taka 200.000 m³ í stað 45.000 m³. Þrjár af þeim fimm setnámum sem á að setja inn í aðalskipulag eru í námaskrá Vegagerðarinnar, í Nautabúsnámu er efnistöku lokið, efnið er búið í Leitisnámu en Hjalli, Syðri-Löngumýri er skráð óopnuð. Í Nautabúsnámu verður náman um 2 ha og þar verður heimilt að vinna allt að 200.000 m³. Leitisás verður stækkuð verulega og nær hún yfir 13,1 ha og þar verður heimilað að taka allt að 300.000 m³. Hjalli, Syðri-Löngumýri verður 3 ha og þar verður heimilt að taka allt að 300.000 m³. Loks eru tvær nýjar námur, Ás gegnt Tindum, og Suðurás þar sem heimilt verður að taka allt að 350.000 m³ og 200.000 m³.

Fyrirhugaðar námur eru utan verndarsvæða en bæði Hnúksnáma og Nautabúsnáma eru í námunda við svæðið Hóp-Vatnsdalur sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela og náttúruvættið Kattarauga er í um 1 km fjarlægð frá Nautabúsnámu. Þá eru tvö svæði í nágrenninu á náttúruminjaskrá vegna landslags, þ.e. Hvammsurðir í Vatnsdal og Vatnsdalshólar.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar finnast votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi innan fyrirhugaðra námusvæða (Hnúksnáma, Leitisás og Hjalli, Syðri-Löngumýri) en þess ber að gæta að vistgerðakortið er ónákvæmt í þessum mælikvarða og því er æskilegt að svæðin verði skoðuð með tilliti til vistgerða og votlendisvistgerðum verði hlíft eins og hægt er séu þær til staðar.

Ljóst er að sjónræn áhrif verða þónokkur á framkvæmdartíma og því er mikilvægt að vel verði gengið frá efnistökusvæðunum, að efnistöku lokinni, svo þau falli vel að landslaginu.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur